Stjórnarfundur Foreldrafélags Helgafellsskóla

Miðvikudagurinn, 15.9.2021

Annar stjórnarfundur foreldraféags Helgafellsskóla, með Rósu Ingvarsdóttur, skólastjóra.

Contents

Stjórnarfundur Foreldrafélags Helgafellsskóla 1
Upphaf fundar 1
Mættir: 1
Viðburðir og COVID 2
Ferðir eldri bekkja 2
Foreldrarölt 2
Málefni Stekkjaflatar 2
Battavöllur 2
Skólalóðin 2
Tilkynningar vegna slysa 3
Tilkynningar vegan uppákoma 3
Frístundarútan 3
Vistunartími í frístund og leikskóla 3
Stefna og áætlanir 4

Upphaf fundar

Mættir:

Sunna Ósk, Jóna, Lea, Sonja Petra, Elena, Rósa, Gunnar Ingi og Ólafur Dan (formaður) sem tengdist í gegnum fjarfundabúnað.

Ritari fundargerðar var Gunnar Ingi

Ólafur setti fundinn og fór yfir fyrirfram ákveðna dagskrá sem send hafði verið á fundargesti fyrir fundinn.

Viðburðir og COVID

Rætt var um framtíð viðburða og áhrifa COVID á reglulega viðburði undanfarinna ára. Til stendur að halda kynningarfundi fyrir foreldra á næstunni.

Halloween er á næsta leiti og líklega er hentugast að foreldrafélagið komi eitthvað að skreytingum innan skólans. Gott væri að athuga möguleikann að setja inn hvatningapóst á Facebook hóp hverfisins.

Jólaballið var stuttlega rætt og góð upplifun þess að halda jólaball utandyra. Jólaföndur þótti full fjölmennt síðast og missti marks. Kannski er ráð að foreldrafélagið komi að því að gefa börnunum jólaföndur sem má klára heima.

Ferðir eldri bekkja

8. bekkur á inni pening hjá foreldrafélaginu. Þau ætla í ferð og rætt var að reikningurinn yrði sendur beint á foreldrafélagið til greiðslu.

7. bekkur hyggst reyna að komast á Reyki í ár en þau héldu ekki fjáröflun fyrir það í fyrra. Skoða þarf hvort Foreldrafélagið getur komið eitthvað að fjáröflun fyrir þau.

Foreldrarölt

Rætt hefur verið um hvata fyrir þá sem taka þátt í foreldrarölti. Það verður tekið upp með SAMMOS sem fundar á næstunni. Merkt vesti eru til í skólanum. Bók sem fylgdi röltinu virðist horfin en spurning um að færa það yfir í tækniheiminn og nota t.d. google docs.

Málefni Stekkjaflatar

Rætt var um atburði sem gerst hafa á Stekkjarflöt undanfarið. Sögur fara af eldri grunnskólabörnum sem mæta á vespum og hrella yngri börn.

Hugmynd að nýta flötinn meira fyrir fjölskylduvæna viðburði eða bekkjarviðburði. Athuga með verkefni sem Gunnar Jónsson var með fyrir Mosfellsbæ sem bar heitið "Það þarf heilt þorp til að ala upp barn".

Battavöllur

Rætt var um skipulag battavallar og dreifingu kennara á skólalóð í frímínútum. Skipulagið er til staðar og dreifing kennara á skólalóðinni er skýr. Battavöllur er gjarnan mikið þrætuepli. Verið er að vinna með styrkingu barnanna og get util að vinna með ágreining.

Skólalóðin

Frágangur á skólalóð var ræddur, með sérstaka áherslu á leikskólalóð og frágang utan við skólalóð sem smitast inn á skólalóðina. Undirverktaki fyrir leikskólalóðina hefur

ekki verið að standast skuldbindingar og mjög hefur staðið á svörum frá þeim. Vinnubrögð hafa verið slæm og samskipti við skólann líka.

Áhaldahúsið ber ábyrgð á svæði fyrir framan leikskólann sem er farið að smitast inn á skólalóðina.

Rætt var hvernig væri mögulega hægt að beita bænum í þessari vinnu.

Rætt var að nemendur hafa verið að stelast af skólalóðinni á skólatíma.

Tilkynningar vegna slysa

Rætt var um tilkynningar og skýrslur til foreldra þegar slys ber að höndum. Það er vinnuregla hjá skólanum að tilkynna foreldrum alltaf þegar slys á sér stað sem og skýrsluskrif sem send eru m.a. til tryggingafélags.

Frásagnir hafa verið af því að það sé gloppótt.

Rósa sagði að farið væri yfir reglurnar á hvejru hausti með öllum starfsmönnum.

Hugmyndin var borin fram að hafa reglurnar sýnilegri innan starfsmannasvæða.

Tilkynningar vegan uppákoma

Rædd var tíðni tilkynninga vegan uppákoma, þá sérstaklega covid og þeirra uppákoma sem marga nemendur og eru á milli tannana á nemendum dagana á eftir. Skólinn vill ekki að tíðni tilkynninga verði of mikil svo þær fari að missa marks. Rædd var virkni föstdagspósta og upplýsingu til foreldra sem geta tekið umræðuna heima.

Frístundarútan

Rædd var óánægja foreldra með tímasetningar á frístundarútunni og hversu illa þær hitta á æfingar. Mismunun milli skóla var líka rædd þar sem nemendur Varmárskóla fá fylgd úr frístund og í tómstundir og í einhverjum tilfellum til baka, en nemendur Helgafellsskóla eru strandaglópar í Varmá að loknum æfingum.

Lausnin liggur hjá fræðsluskrifstofu Mosfellsbæjar.

Vistunartími í frístund og leikskóla

Ræddar voru ástæður styttingar dvalartíma í frístund og leikskóla. Ástæðurnar eiga rætur að rekja til auka þrifa vegna COVID fyrir sumarið og svo vinnutímastyttingar núna eftir sumarfrí. Verið er að skoða leiðir til að geta lengt vistunartíma aftur.

Stefna og áætlanir

Verið er að setja saman sáttmála sem byggir m.a. á stefnum jákvæðs aga, uppeldi til ábyrgðar og fleirum. Skólinn vill setja metnað í þessa vinnu og því er þessu ekki lokið.